

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2340

2016/EES/18/47

frá 15. desember 2015

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og um breytingu á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB ⁽¹⁾, einkum 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun 94/800/EB ⁽²⁾ samþykkti ráðið samning um opinber innkaup („samninginn“) ⁽³⁾. Samningnum ætti að beita gagnvart öllum innkaupasamningum, sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar („viðmiðunarfjárhæðir“) sem settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.
- 2) Eitt af markmiðum tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB ⁽⁴⁾ og 2004/18/EB ⁽⁵⁾ er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita þeim, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði skal aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem mælt er fyrir um í þessum tilskipunum að því er varðar opinbera samninga sem samningurinn nær einnig yfir, til að tryggja að þær samsvari þeim fjárhæðum í evrum sem, námundaðar að næsta þúsundi, jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru fram í samningnum.
- 3) Samræmisins vegna skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/81/EB, samræmdar endurskoðuðum viðmiðunarfjárhæðum sem mælt er fyrir um í 16. gr. tilskipunar 2004/17/EB.
- 4) Því ætti að breyta tilskipun 2009/81/EB til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndarinnar um opinbera samninga.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 8. gr. tilskipunar 2009/81/EB er breytt sem hér segir:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 330, 16.12.2015, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 76.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópudalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) (Stjtið EB L 336, 23.12.1994, bls. 1).

⁽³⁾ Samningurinn er fjölhliða samningur innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Markmiðið með samningnum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu (Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga (Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114).

- 1) í a-lið komi fjárhæðin „418 000 evrur“ í stað „414 000 evrur“,
- 2) í b-lið komi fjárhæðin „5 225 000 evrur“ í stað „5 186 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
